



Takk allir
sjálfboðaliðar

Ársskýrsla 2019



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
central@redcross.is • www.raudikrossinn.is

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	3
Starfsemi Rauða krossins á árinu 2019	4
Innanlandsstarf - Samantekt úr starfinu	6
Myndasýrpa - Innanlandsstarf	14
Sögusíðan	16
Alþjóðlegt hjálparstarf - Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2019	18
Alþjóðaverkefni - Alþjóðleg verkefni Rauða krossins á Íslandi og verkefni sendifulltrúa	20
Myndasýrpa - Alþjóðaverkefni	21
Fjármál	22
Tekjur og framlög	22
Lykiltölur úr rekstrinum	23

Ávarp formanns

Ágætu félagar

nú sem áður er starf Rauða krossins á Íslandi mikilvægt. Í fullkomnum heimi væri félag eins og Rauði krossinn óþarft, en eins og við vitum er sú ekki raunin.

Við leggjum okkur fram um að aðstoða þau sem þurfa á aðstoð að halda í sinni heimabyggð. Það væri ekki mögulegt ef ekki væru til staðar sjálfboðaliðar sem láta okkar fjölmörgu verkefni verða að veruleika á hverjum degi. Þeir koma fólki til aðstoðar með félagsskap, stuðningi, samveru og samskiptum.

Rauði krossinn leggur sig fram um að taka vel á móti fólki er neyðst hefur til að flýja heimkynni sín og aðstoðar það við að stíga sín fyrstu skref í íslensku samfélagi. Það er afar mikilvægt að fá stuðning í nýju, ókunnu landi og að samfélagið leggi sig fram um að taka vel á móti nýjum borgurum.

Framlög okkar til alþjóðlegra verkefna, þar sem þörf fyrir aðstoð er gríðarleg, eru mikilvæg til að koma fólki sem lifir við

fátækt og skort til aðstoðar og þau styðja sjálfboðaliða hreyfingarinnar í hverju landi. Sérstaklega er mikilvægt að efla konur og stúlkur til virkrar þátttöku í sínu samfélagi.

Sjálfboðaliðar Rauða kross hreyfingarinnar á hverjum stað efla sín nærsamfélög með okkar stuðningi.

Á árinu hófst vinna við stefnu fyrir félagið til ársins 2030. Mikil vinna og hugsun er þar að baki, þar sem hugað er að því hvað framtíðin beri í skauti sér og hvert verði hlutverk Rauða krossins í samfélaginu næstu tíu árin. Stefnan verður lögð fram á aðalfundi Rauða krossins 2020 til umræðu og samþykktar.

Á aðalfundi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í desember 2019 var ný stefna 2030 fyrir hreyfinguna samþykkt og er grundvöllur okkar stefnumórkunar.

Kæru sjálfboðaliðar, ég þakka ykkur hið mikilvæga framlag ykkar í þágu mannúðar. Styrkur Rauða krossins er mannaúdurinn, sjálfboðaliðarnir sem starfa af hugsjón sem gerir samfélag okkar betra en það annars væri.

Með kærri kveðju
Sveinn Kristinsson,
formaður Rauða krossins á Íslandi



Mannvinir eru *allra* mál.

Vilt þú vera Mannvinur Rauða krossins?
mannvinir.is



Rauði krossinn

Starfsemi Rauða krossins á árinu 2019

Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans er **útbreiddasta** og fjölmennasta mannúðarhreyfing heims með starfsemi í flestum ríkjum og alls 192 landsfélög. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu berskjaldaðra hópa og tryggja **virðingu** fyrir mannlegu lífi. Allt starf hreyfingarinnar byggir á sjálfboðnu starfi. Rauði krossinn á Íslandi hefur verið öflugt félag í 95 ár, með vel þjálfaða sjálfboðaliða og sjö grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar að leiðarljósi.

Grundvallarhugsjónir Rauða krossins

- Mannúð
- Óhlutdrægni
- Hlutleysi
- Sjálfstæði
- Sjálfboðin þjónusta
- Eining
- Alheimshreyfing

Árið 2019 var **viðburðaríkt** sem fyrri ár í starfi Rauða krossins. Fjölmörg verkefni uxu og döfnuðu, neyðarvarnir efdust enn frekar, Rauði krossinn sinnti áfram málsvarastarfi ýmissa hópa og aðstoðaði þar sem þörf krefur í samfélaginu.

Helsti **mannauður** Rauða krossins eru **sjálfboðaliðarnir** sem telja á fjórða þúsund en hjá félaginu störfuðu að meðaltali 143 launaðir einstaklingar í 102 stöðugildum. Alls störfuðu 197 einstaklingar fyrir Rauða krossinn á árinu. Í lok árs var 151 starfsmaður í 108 stöðugildum. Deildir félagsins eru 39 talsins.

Hætt var að senda föt til Hvíta Rússlands frá þrjóna- og saumahópum víða um land sem kallast **föt sem framlag**. Þónokkrir hópar fundu sér önnur viðfangsefni en hóparnir lagðir niður á öðrum stöðum.

Kynningar á starfi Rauða krossins voru fjölmargar, m.a. fyrir nemendur á öllum skólastigum og ýmsa aðra hópa. Þá komu nokkrir þingflokkar í heimsókn til Rauða krossins á árinu líkt og fyrri ár og mikilvægt og gott samstarf undirstrikað.

Námskeið á vegum Rauða krossins

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda
Grunnnámskeið	1	326
Deildanámskeið Rauða krossins	1	19
Fjöldahjálparnámskeið	14	220
Hjálparsímanámskeið	3	29
Sálrænn stuðningur	41	669
Sálrænn stuðningur II	2	30
Sjálfboðaliðafræðsla	23	417
Vinaverkefnanámskeið	15	126
Samtals	100	1836
Skyndihjálparnámskeið	507	12.438

Rauði krossinn stendur fyrir **námskeiðum** allt árið um kring, hvort sem um skyndihjálparnámskeið, námskeið fyrir börn, þjálfun sjálfboðaliða eða fræðslu er að ræða. Þá eru nokkrir árlegir viðburðir auk fleira tilfallandi.

Rauði krossinn skilaði inn **16 umsögnum** við lagafrumvörp og drög að reglugerðum sem varða starfsemi Rauða krossins og skjólstæðinga félagsins. Umsagnirnar má nálgast á vef Rauða krossins undir útgefið efni.

Rauði krossinn í Reykjavík gaf út skýrslu í apríl um **aðgengi flóttafólks að menntun**. Niðurstaða skýrslunnar er að íslenskt menntakerfi skortir úrræði fyrir nemendur með flóttamannabakgrunn þannig að þeim sé kleift að ljúka námi á því sviði sem hugur þeirra stendur til.

Í júlí var skrifað undir samkomulag við Sjúkratryggingar Íslands um áframhaldandi kaup og rekstur Rauða krossins á **sjúkrabifreiðum** til ársins 2022, en fyrri samningur rann út árið 2015. Tatarlaust var ráðist í kaup á 25 sjúkrabifreiðum sem væntanlegar eru til landsins.

Ljóst er að þörf er á **mannúðar-samtökum** líkt og Rauða krossinum ekki aðeins hér á landi heldur um allan heim. Alls ráðstafaði Rauði krossinn 2.530 milljónum krónamilljónum króna til verkefna, sem er 84 milljónum krónum minna en á síðasta ári. Alls námu framlög Rauða krossins til alþjóðlegs hjálparstarfs tæpum 456 milljónum króna sem er um 12% lækkun á milli ára.



Starfsemi Rauða krossins á árinu 2019

Fjáröflun

Almenningur styður mynduglega við verkefni Rauða krossins. Mánaðarlegir styrktaraðilar, **Mannvinir** Rauða krossins, gera félaginu kleift að sinna verkefnum bæði innanlands sem utan. Öflun Mannvina fer mestmegnis fram í símasölu, en á árinu hóf Rauði krossinn rekstur á sínu eigin símaveri eftir að hafa keypt utanaðkomandi þjónustu áður. Starfsemi símaversins hefur reynst mikið heillaspor en í lok árs höfðu framlög frá Mannvinum Rauða krossins **aukist um 12%** milli ára.

Ánægjulegt er að styrkir og gjafir jukust um 23% milli ára, til að mynda frá fyrirtækjum og einstaklingum en jólaaðstoðin dróst þó saman um 12% milli ára.

Gefðu framtíðinni forskot - erfðagjafir

Almannahéill, samtök þriðja geirans, efndu til átaks ásamt fimm öðrum félögum til að kynna erfðagjafir sem valkost fyrir fólk og héldu málþing um erfðagjafir í samstarfi við Háskóla Íslands.

Hægt er að finna upplýsingar um erfðagjafir á erfðagjafir.is.

Neyðarsafnanir

Rauði krossinn hóf þrjár neyðarsafnanir á árinu, vegna ofsafliða í sunnanverðri Afríku á vormánuðum, vegna stríðsins í Sýrlandi í október og vegna þurrka í Namibíu í desember.

Stuðningur á árinu

Fjöldmörg fyrirtæki gáfu Rauða krossinum mat, vörur og veittu annars konar stuðning við félagið á árinu auk veglegra gjafa frá einstaklingum. Subway á Íslandi hefur styrkt myndarlega við mataraðstoð Rauða krossins í kringum jólahátíðina síðastliðin ár.

Sýn, Reiknistofa bankanna, Íslandsbanki og Þekking hafa lánað starfsfólk sitt til sendifulltrúastarfa án endurgjalds. Skrið var undir samstarfssamninga við Marel á Íslandi til fjögurra ára og Coca-Cola European Partners í Evrópu (CEEP) til þriggja ára.

Helstu viðburðir í starfinu

Mánuður	Dags.	Viðburður
Janúar	24.	Þátttaka á framadögum háskólanna
Febrúar	1. 11.	Utanríkisráðherra heimsótti verkefni Rauða krossins í Malaví 112 dagurinn, skyndihjálparmaður ársins Guðni Ásgeirsson útnefndur
Mars	21.	Málþing um lög í stríði Dr. Fathy Flefel, palestínskur sérfræðingur í sálrænum stuðningi í heimsókn
Apríl	11. 27.	Aðgengi flóttafólks að menntun á Íslandi – skýrsla Rauða krossins í Reykjavík afhent menntamálaráðherra Hópslysæfing á Vesturlandi
Mái	7. 10. 16. 17. - 18. 23.	Æfing neyðarstjórnar hjá Kópavogsbæ Sjálfböðaliðþing haldið í annað sinn Karlur í skúrum opnaði í Vesturbýggð á Vestfjörðum Sjóslysæfing á Húsavík Æfing neyðarstjórnar í Mosfellsbæ
Júní	4.	"Lifandi bókasafn" í samvinnu við Amnesty International
Júlí	11.	Framlenging á samning um kaup og rekstur sjúkrafreiða
Ágúst	12.	70 ár frá samþykkt Genfarsamninganna
September	5. 10. 10. 13. 17. 27.	Flugslysæfing Hornafjarðarflugvelli Alþjóðlegur forvarndagur sjálfsvíga. Útmeða verkefnið kynnt. Málstofa: Þátttaka fyrirtækja í þróunarsamvinnu Málþing um erfðagjafir - Gefðu framtíðinni forskot Æfing neyðarstjórnar í Hafnarfirði Þátttaka í loftslagsverkfalli
Október	5. - 6. 10. 18. - 19. 19. 24.	Neyðarvarnarmálþing Rauða krossins Tískutímaritið Endurnýtt líf kom út Flugslysæfing á Gjögri Hjálpin, kynningarblað Rauða krossins kom út Morgunfundur: Stríð í Sýrlandi - sendifulltrúar segja frá
Nóvember	1. - 2. 27. 30.	Formannafundur á Akureyri Styrktarsýning á kvikmyndinni Bergmál fyrir Frú Ragnheiði Ný Rauðakrossbúð opnuð í Kringlunni
Desember	5. 10.	Alþjóðlegur dagur sjálfböðaliðans Rauði krossinn 95 ára

Innanlandsstarf

Samantekt úr starfinu

Sjálfbóðaliðar og félagar

Ein af grundvallarhugsjónum Rauða krossins snýr að sjálfböðinni þjónustu og ljóst er að Rauði krossinn væri ekkert án sjálfböðaliðanna sem sinna fjölbreyttum verkefnum víðsvegar um landið.

Árið 2019 voru **3.670** einstaklingar skráðir sem virkir sjálfböðaliðar í **4.589** verkefnum. Í lok árs voru 3.056 sjálfböðaliðar virkir um allt land í 3.547 verkefnum. Alls voru **916** nýir sjálfböðaliðar skráðir á árinu.

Aðalfundir deilda voru haldnir á vormánuðum þar sem meðal annars deildirnar í


Stykkishólmi og Borgarfirði sameinuðust og heitir sameinuð deild nú **Vesturlandsdeild**.

Fjöldi félaga í lok árs voru **20.044**. Alls hættu 445 félagar á árinu en 297 gengu í félagið.


Eftirtaldir formenn létu af störfum á árinu og er þeim þakkað sitt framlag

Deild	Fráfarandi formaður	Formaður sem tók við
Akranesdeild	Alda Vilhjálmsdóttir	Ursula Árnadóttir
Árnessýsludeild	Petrína Freyja Sigurðardóttir	Hugrún Ósk Guðmundsdóttir
Bolungarvíkurdeild	Hjördís Jónsdóttir	Kristín Ósk Jónsdóttir
Búðardalur	Jónas Már Fjeldsted	Stefanía Björg Jónsdóttir
Dýrafjörður	Hildur Inga Rúnarsdóttir	Jónína Hrönn Simonardóttir
Eskifjarðardeild	Pétur Karl Kristinsson	Guðrún Margrét Björnsdóttir
Grindavíkurdeild	Ágústa Halldóra Gísladóttir	Kolbrún Una Jóhannsdóttir
Hafnarfjörður og Garðabær	Benedikt Gröndal	Karólína Stefánsdóttir
Húnavatnssýsludeild	Ragnheiður Sólveig Ólafsdóttir	Guðmundur Haukur Sigurðsson
Hveragerðisdeild	Eyvindur Bjarnason	Steinunn Þorfinnsdóttir
Ísafjörður	Hrefna Ragnheiður Magnúsdóttir	Guðrún Dagný Einarsdóttir
Mosfellsbæjardeild	Hrönn Pétursdóttir	Herdís Rós Kjartansdóttir
Múlasýsla	Ragnhildur Rós Indriáadóttir	Berglind Sveinsdóttir
Norðfjarðardeild	Ingibjörg H. Sveinbjörnsdóttir	Sigurfinnur Líndal Stefánsson
Reyðarfjarðardeild	Anna Elín Jóhannsdóttir	Guðrún María Ísleifsdóttir (starfandi formaður)
Stykkishólmsdeild	Simon B. Hjaltalín	Guðrún Vala Elísdóttir (formaður nýrrar Vesturlandsdeildar)
Súðavíkurdeild	Margrét Lilja Vilmondardóttir	Oddný Elínborg Bergsdóttir
Víkurdeild	Sveinn Þorsteinsson	Árni Jóhannsson
Þingeyjarsýsludeild	Halldór Valdimarsson	Unnsteinn Ingason

Skipting sjálfböðaliða eftir landshlutum




Aldursdreifing sjálfböðaliða




Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Fjöldi sjálfboðaliða eftir verkefnum



Kyn starfandi sjálfboðaliða á árinu



Fataverkefni

Rauði krossinn hefur safnað fötum allt frá því byrjað var að safna fötum fyrir fórnarlömb seinni heimstyrjaldarinnar um miðbik síðustu aldar. Fötum er safnað í grenndargáma Rauða krossins um allt land sem og á endurvinnslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við **Sorpu**. Rauði krossinn nýtur stuðnings **Eimskip** styður við flutning Rauða krossinn innanlands og utan.

Rauði krossinn rekur 13 verslanir, þar af sex á höfuðborgarsvæðinu og sendir árlega um 3.000 tonn af fatnaði til endurvinnsluáðila erlendis, að stærstum hluta til Þýskalands. Fjöldargir **fatamarkaðir** voru haldnir um allt land sem ávallt eru mjög vel sóttir. Föt fyrir tugi milljóna voru gefin þeim sem á þurfa að halda og jókst úthlutun fatakorta um 7% milli ára. Versluninni í Hafnarfirði var lokað á árinu en í desember var opnuð ný verslun í Kringlunni sem og **vefverslun** með notuð föt sem naut strax mikilla vinsælda á verslun.raudikrossinn.is.

Fataverkefni Rauða krossins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og almenningur hélt áfram að styðja við verkefnið á árinu með því að gefa föt og versla í búðum félagsins. Sjálfboðaliðar standa vaktina í búðum og sjá að stórum hluta um fataflokkan viðsvegar um land.

Tímaritið **Endurnýtt líf** var gefið út og efnt til útgáfuhófs í september en tímaritið og viðburðurinn voru tilnefnd til **Lúðursins**, auglýsingaverðlauna **ÍMARKS**.

Í heildina drógust tekjur af fataverkefni Rauða krossins saman á árinu. Skýrist það helst vegna stóraukins framboðs af ódýrum fatnaði í heiminum sem minnkar eftirspurn eftir notuðum fötum á heimsmarkaði. Rauði krossinn fann sannarlega fyrir þeirri samkeppni en leggur þunga áherslu á mikilvægi verkefnisins bæði fyrir umhverfið og mannúðarstarf félagsins. Allur hagnaður rennur 100% til mannúðarmála og öll föt sem eru gefin til Rauða krossins eru endurnýtt.

Neyðarvarnir

Viðbragðshópar Rauða krossins um allt land voru eflid á árinu, en undanfarin ár hafa einungis verið starfandi viðbragðshópar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Mikil aukning hefur verið í útköllum um land allt og mikilvægt að hafa vel þjálfaða sjálfboðaliða í viðbragðshópum á fleiri svæðum, enda gæti viðbragðstíminn orðið langur ef senda þyrfti fólk milli svæða. Markmiðið var að efla **viðbragðshópa** hringinn í kringum landið á árinu og það markmið náðist, en þó eru sum svæði enn fámenn og verður það verkefni ársins 2020 að

stoppa í götin þar sem þurfa þykir. Alls eru **143** sjálfboðaliðar viðbragðshópa tilbúnir í útkall og skipta með sér vöktum alla daga ársins, en í lok árs höfðu alls **74** nýir sjálfboðaliðar bæst í hópinn. Þá eru ótaldir allir þeir **sjálfboðaliðar** sem koma að viðbrögðum við alvarlegum atburðum en ekki eru í viðbragðshópum.


220 manns sóttu námskeiðið *Inngangur að neyðarvörum* þar sem þátttakendur fræðast um uppsetningu á fjölda-hjálparstöðvum.

Útköll hafa aukist til muna og eru fjölbreytt og **krefjandi**. Meirihluti útkalla vörðuðu sálrænan stuðning við fólk sem hefur misst einhvern nákominn, orðið vitni að alvarlegu slysi eða verið í lífshættulegum aðstæðum. Langflest útköllin voru á höfuðborgarsvæðinu en einnig var mikið álag á viðbragðshópa á Suðurlandi og Norðurlandi eystra en þar voru mörg umgangsmikil verkefni.

Fjöldi þolenda voru **1.118** manns og **254** sjálfboðaliðar og starfsmenn komu að þeim málum.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Fjöldi sjálfboðaliða í viðbragðshóp á landsvísu



Útköll eftir landshlutum



Samhæfing og umsjón áfallahjálpar á Íslandi

Í mars var samkomulag við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra um áframhaldandi **umsjón** Rauða krossins með áfallahjálpar endurnýjað til 5 ára. Rauði krossinn sér um samhæfingu og hefur umsjón með áfallahjálpar á Íslandi í umboði samstarfsaðila; embætti landlæknis, ríkislögreglustjóra, Landspítalans, Biskupsstofu og Samband íslenskra sveitarfélaga.


Á árinu fengu **729 manns** þjálfun í sálrænum stuðningi hjá Rauða krossinum á **43 námskeiðum**.

Óveður í desember


Í desember kom mikið óveður og voru sjálfboðaliðar að störfum um land allt í marga daga. Frá 9.-19. desember voru **75 sjálfboðaliðar** og starfsmenn sem sinntu **500 þolendum** með ýmsum hætti. Opnaðar voru **9 fjöldahjálparstöðvar** og sumar opnar í nokkra daga. Hringt var

í fólk sem bjó á köldum svæðum í Þingeyjasýslu en eftir viðvarandi rafmagnsleysi þá var víða orðið ansi kalt. Rauði krossinn keypti gashitara og dreifði þeim til þeirra sem á þurftu að halda á svæðinu. Einnig var opnuð matar- og hvíldaraðstaða fyrir viðbragðsaðila á Akureyri. Flestir viðbragðsaðilar þurftu að senda hjálparlið á staðinn til aðstoðar við heimamenn með mannskap og ýmsan búnað.

Fjöldi og tegund útkalla



Samanburður tegunda útkalla milli áráanna 2018 og 2019



Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Skyndihjálpar

Skyndihjálparkennsla hélt áfram að vera öflug á árinu og alls fengu **7.848 þátt-takendur** skyndihjálparkennslu á **507 námskeiðum** um land allt. Enn er boðið upp á frí netnámskeið þar sem farið er yfir bóklega hluta skyndihjálpar á *namskeid.raudikrossinn.is*

Skyndihjálparmaður ársins var útnefndur Guðni Ásgeirsson en hann bjargaði manni sem hafði fengið hjartaáfall á hlaupastíg.

Hjálparsími Rauða krossins 1717

Hjálparsími Rauða krossins 1717 hefur verið starfræktur í þeirri mynd sem nú er frá árinu 2004 og veitir virka hlustun og ráðgjöf um samfélagsleg úrræði til fólks. Rúmlega 100 sjálfboðaliðar starfa við Hjálparsímann auk verkefnastjóra og ráðgjafa.

Flest samtöl til Hjálparsímans árið 2019 bárust í **mars** eða **1.356** en september kemur þar á eftir með 1.212 samtöl. Um 5.500 **konur** höfðu samband við Hjálparsímann á árinu en um 4.700 **karlar**. Kyn var ekki vitað í rúmlega 3.200 tilfella.

Samtöl um sjálfsvíg

Aukning var í sjálfsvígssamtölum og net-spjöllum milli ára, eins og fyrri ár. Á bilinu 70-82 sjálfsvígssamtöl áttu sér stað í mars, apríl, maí, ágúst og nóvember en fæst samtöl voru í janúar og júní, 47 talsins.

Stærsti hópurinn sem hefur samband vegna sjálfsvíga eru **karlar** á aldrinum 26-35 ára. Hjá konum eru flest samtöl vegna sjálfsvíga í aldursflokknum 0-18 ára. Í töluverðum fjölda sjálfsvígssamtala var ekki merkt sérstaklega við kyn viðmælanda, svo nákvæm skipting á milli kynja liggur ekki fyrir.

Útmeð'a

Fjórða herferð Útmeð'a, samstarfsverkefni Rauða krossins og Geðhjálpar, bar nafnið Tian en það eru tíu gagnvirk myndbönd sem sýna hvernig oft er hægt er að breyta aðstæðum með góðu hugarfari og hvernig er hægt að stuðla að betri geðheilsu. Um uppfærslu á gömlu **Geðorðunum tíu** sem margir þekkja er að ræða með áherslu á að ná til ungs fólks.

Sárafátæktarsjóður

Á aðalfundi Rauða krossins 2018 var ákveðið að stofna **sárafátæktarsjóð** tímabundið til að koma til móts við bráðan fjárhagsvanda með úthlutun neyðarstyrkja. Undirbúningur hófst þá þegar og í mars

2019 var fyrsta úthlutunin. Meirihluti þeirra sem hlutu styrk voru búsett á höfuðborgarsvæðinu, meðalaldur var 37 ára og ívið fleiri konur sóttu um en karlar.

Skilyrði fyrir neyðarstyrk:

- Íslensk kennitala
- Lögheimili á Íslandi
- Mánaðarlegar tekjur eftir skatt eru 200.000 kr. eða minna (einstaklingar) eða samanlagt 300.000 kr. eða minna (hjón/sambúðarfólk)
- Eignir eru ekki umfram íbúðarhúsnæði og ein fjölskyldubifreið
- Búið að fullnýta rétt sinn til greiðslna frá félagsþjónustu sveitarfélaga, atvinnuleysisjóði og tryggingastofnun

Fjárhæðir neyðarstyrks

- Einstaklingar 40.000 kr.
- Hjón og sambúðarfólk 50.000 kr.

Styrkur hækkar um 10.000 kr. fyrir hvert barn yngra en 18 ára sem er á forræði umsækjanda og á sama lögheimili og umsækjandi.

Úthlutunir úr sárafátæktarsjóði Rauða krossins 2019-2020

Fjölskyldu- staða	Ekkert barn	Eitt barn	Tvö börn	Þrjú börn	Fjógur börn	Fimm börn	Samtals
einstaklingur	345	120	83	54	11	1	614
sambúð	22	34	28	14	17	1	116
Samtals	367	154	111	68	28	2	730


Símtöl og netspjöll



Heildarfjöldi samtala 13.458

- Sálræn vandamál **9.343***
- Félagsleg vandamál **2.726**
- Heilbrigðisvandamál **535**
- Kynferðis mál **316**
- Ofbeldi **871**
- Neysla/fíkn **756**
- Spilafíkn **39**
- Ýmislegt **3.799**


*Kökuritið hér til hægri sýnir sundurliðun sálrænna vandamála



Sálræn vandamál - sundurliðun

- Einmanaleiki **1.525**
- Kvíði **1.453**
- Punglyndi **1.458**
- Geðröskun **1.333**
- Sjálfsvígshugsanir/áhyggjur af sjálfsvígshæðun annarra **959**
- Áfall **492**
- Áráttu/bráhyggja **514**
- Átröskun **106**
- Einelti **286**
- Sjálfsskaði **368**
- Sjálfsmynd **543**
- Sorg / söknuður **306**

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu



Sérðu mig?

Rauði krossinn setti af stað herferð til að varpa ljósi á aðstæður fólks sem glímir við fátækt á Íslandi þar sem fólk var hvatt til að sýna stuðning sinn í verki og sjá þennan falda hóp í samfélaginu.

Ýmsir sjóðir

Tómstundasjóði flóttafólks er ætlað að styðja börn flóttafólks búsettra hér á landi til að stunda hverskyns tómstundir. Alls var **28 styrkjum** fyrir tæplega 600.000 krónur úhlutað á árinu.

Á höfuðborgarsvæðinu var starfræktur **áfallasjóður** líkt og fyrri ár. Umsóknir bárust frá 175 einstaklingum og fjölskyldum en **105 umsóknir** voru samþykktar og var alls um 11.5 milljónum króna úthlutað. Þá hafa deildir víðsvegar um landið úthlutað styrkjum fyrir jólin, oft í samstarfi við önnur samtök og veitt neyðarstyrki þegar þörf hefur krafist.

Vinaverkefni

Rauði krossinn sinnti ýmsum verkefnum með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun. **Heimsóknarvinir, hundavinir og símavinir** voru á sínum stað með um 600 notendur og um 300 sjálfbóðaliða í bæði einstaklings- og hópheimsóknum.

Karlar í skúrum uxu og döfnuðu, en þar koma karlmenn saman „öxl í öxl“ og vinna í höndunum. Tveir nýir skúrar voru opnaðir; í **Breiðholti** og á **Patreksfirði í Vesturbýggð** undir styrkri handleiðslu frá Hafnafjarðar- og Garðabæjardeild sem hefur umsjón með verkefninu og opnun fleiri skúra er í vinnslu. Alls eru um 80 þátttakendur í verkefninu.

Félagsvinir eftir afplánun héldu áfram að vinna sér inn **traust** hjá þeim sem sitja

inni og ljúka afplánun en ljóst er að slíkt tekur tíma. Markmið verkefnisins er að aðstoða fólk við að koma aftur undir sig fótunum í samfélaginu þegar afplánun lýkur og hafa sjálfbóðaliðar heimsótt fangelsin að Sogni, Hólmsheiði og Litla-Hrauni.

Athvörf fyrir fólk með geðraskanir

Vin við Hverfisgötu hélt úti öflugu starfi á árinu. Þangað koma að meðaltali um **32 gestir** á hverjum degi sem sem njóta **samvista og halda sér virkum**. Alls sækja um 100 einstaklingar Vin reglulega. Þá sinna sjálfbóðaliðar laugardagsopnun Lautar á Akureyri og sjálfbóðaliðar heim-sækja Vesturafli á Ísafirði og Dvöl í Kópavogi.

Skaðaminnkun

Frú Ragnheiður, skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins í **Reykjavík** hélt úti öflugu starfi á árinu auk þess sem Ungfrú Ragnheiður hélt áfram starfi sínu á **Akureyri**. Rauði krossinn í Reykjavík hefur tekið að sér samræmingarhlutverk skaðaminnkunarverkefna Rauða krossins á landsvísi, en undirbúningur fyrir skaðaminnkunarúrreæði hófst á **Suðurnesjum** á árinu. Markmið verkefnanna er að ná til heimilislausra einstaklinga sem nota vímuefni í æð og bjóða þeim skaðaminnkandi þjónustu í formi nálaskipta- og heilbrigðisþjónustu. Einnig stendur matur og drykkur, hlý fót og sálrænn stuðningur til boða.

Konukot

Starfsemi Konukots hélt óbreytt á árinu en aldrei hafa fleiri konur nýtt sér neyðarathvarfið. Þangað leituðu **112 konur** og

voru gistinætur samtals 3.613. 48 konur leituðu í athvarfið í fyrsta sinn á árinu.

Starf með ungu fólki

Námsaðstoð og þjálfun í íslensku er í boði á nokkrum stöðum á landinu líkt og á Höfn í Hornafirði og í Árborg og er gjarnan haldið í samvinnu við bókasöfn, m.a. Amtsbókasafnið á Akureyri, Bókasöfn Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Hvaleyrarskóla og Borgarbókasafnið í Reykjavík undir heitinu **Krakkánám**.

Virkniúrreæði fyrir ungt fólk sem ekki er í vinnu né skóla er m.a. í boði hjá Hafnafjarðar- og Garðabæjardeild undir nafninu **Tækifæri**. Þátttakendur setja sér markmið og vinna að þeim undir handleiðslu sjálfbóðaliða. Alls voru 29 þátttakendur í verkefninu með þremur sjálfbóðaliðum. Verkefnið er unnið í samvinnu við Vinnumálastofnun, Garðabæ, Hafnarfjörð og Ungmennahúsið Hamarinn. Í **Studd í spuna** spila þátttakendur spunaspil einu sinni í viku, en verkefninu er ætlað að auka virkni og bjóða upp á félagslíf fyrir fólk á aldrinum 18-30 ára sem er félagslega einangrað. **Monday Club** er félagslegt ungmennastarf fyrir fólk á aldrinum 16-20 ára á vegum Reykjavíkurdeldar. Verkefnið skapar öruggt en opið félagslegt rými fyrir ungt fólk að stíga út fyrir **þægindarammann** og kynnast fólki ólíku því sjálfu. Margir þátttakenda eru af erlendum uppruna.

Skaðaminnkunarverkefni Rauða krossins 2019

Fjöldi	2019 Frú Ragnheiður	2018 Frú Ragnheiður	2019 Ungfrú Ragnheiður	2018 Ungfrú Ragnheiður
Fjöldi skjólstaðinga	514	455	15	15
Fjöldi heimsókna	4,149	3,854	95	40
Fjöldi sjálfbóðaliða	93	91	20	15

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

Stuðningur við flóttafólk og innflytjendur

Á árinu settust alls **532 einstaklingar** frá rúmlega **30 löndum** hér að eftir að hafa fengið stöðu flóttafólks, dvalarleyfi af mannúðarástæðum eða sameinast fjölskyldu sinni. Stærsti einstaki þjóðahópurinn var frá Venesúela en alls fengu **157** einstaklingar þaðan vernd á árinu. Alls voru **74** kvótaflóttamenn sem komu í boði stjórnvalda frá:

- **Sýrlandi**
- **Úganda**
- **Rúanda**
- **Kongó**
- **Súdan**
- **Simbabwe**
- **Kamerún**
og settust að í sex sveitarfélögum
- **Húnaþingi vestra**
- **Blönduósi**
- **Árborg**
- **Seltjarnarnesi**
- **Garðabæ**
- **Mosfellsbæ**

Fjöldi kvótaflóttafólks var um **14%** af heildarfjölda þeirra sem hlutu vernd á árinu. Alls voru **63** sem fengu vernd í gegnum fjölskyldusameiningarferli eða um **12%**. Afdrif og öryggi fjölskyldu-meðlima sem verða eftir veldur fólki hvað mestum áhyggjum og hefur afgerandi áhrif á líðan þeirra sem setjast að í nýju landi. Rauði krossinn veitir fólki ráðgjöf varðandi umsóknir um fjölskyldu-sameiningar. Alls leituðu tæplega 200 manns eftir slíkri ráðgjöf á síðasta ári.

Algengasti aldurshópur flóttafólks og innflytjenda sem leitar eftir þjónustu Rauða krossins er **25-45 ára** og kynjahlutföll eru 62% karlar og 38% konur. Stærstur hluti flóttafólks er á höfuðborgarsvæðinu eða um 80% þeirra, þar á eftir kemur Reykjanesbær með um 12%. Langflestir nýta sér þjónustu Rauða krossins **fyrsta árið** í nýjum heimkynnum en þó eru alltaf einhverjir sem þurfa lengri stuðning, s.s. vegna einstaklega viðkvæmrar stöðu, langrar áfallasögu, fjölskyldusameininga og annarra breytinga innan fjölskyldunnar. Dæmi er

um að einstaklingar leiti stuðnings Rauða krossins í tuga skipta fyrstu árin í nýjum heimkynnum. Þó má ekki gleyma því að þátttaka flóttafólks í fjölbreyttum verkefnum Rauða krossins hér á landi eykst ár frá ári þar sem þau leggja drjúgan skerf til samfélagsins.

Vegna mikillar fjölgunar flóttafólks hafði í árslok myndast biðlisti eftir sjálfboðaliðum í **leiðsögumannaverkefni** Rauða krossins en meginstuðningur félagsins felst í því verkefni. Alls voru **262 sjálfboðaliðar** (187 konur, 75 karlar) að sinna mikilsverðri leiðsögn til flóttafólks, félagslegum stuðningi og ráðgjöf um íslenskt samfélag víðs vegar um landið. Flóttafólk nýtur einnig góðs af fatasófnun Rauða krossins um allt land, tómsundastjóði flóttabarna og annarri aðstoð. Auk þessa eru önnur verkefni með fólki af erlendum uppruna um land allt.

Í undirbúningi er samræmt **móttökufæri** á vegum stjórnvalda fyrir allt flóttafólk sem fær hér vernd eða dvalarleyfi.

Aðkoma Rauða krossins verður með svipuðum hætti og áður en félagið vinnur að því efla verulega sálrænan stuðning fyrir þau sem hingað leita og eiga að baki langa og erfiða áfallasögu. Rauði krossinn fékk m.a. hingað til lands palestínska sérfræðinga í afleiðingum áfalla og sálrænan stuðningi sem héldu námskeið fyrir flóttafólkið sjálft, sjálfboðaliða og starfsmenn Rauða krossins sem og starfsfólk stofnana og sveitarfélaga sem þjónusta flóttafólk.

Starf með fólki af erlendum uppruna
Opið hús fyrir flóttafólk og innflytjendur er starfrækt bæði í Reykjavík og á Akureyri þar sem í boði er stuðningur við að leysa úr ýmsum hagnýtum málum. Annars staðar er veitt almenn ráðgjöf eftir þörfum og t.d. á Höfn í Hornafirði er fjölmennigarkaffi vel sótt.

Æfingin skapar meistarann er samstarfsverkefni með **Mími – símenntun** á höfuðborgarsvæðinu og er ætlað að aðstoða fólk við þjálfun í íslensku en sambærileg verkefni eru einnig starfrækt

á Akureyri sem og verkefnið **Tölum saman** á Ísafirði.

Brjótum ísinn bjóðum heim er verkefni sem er ætlað að tengja íslenskar fjölskyldur við innflytjendur með því að bjóða hvoru öðru í mat. Alls voru haldin **24 matarboð** á árinu.

Auk þessara verkefna var félagsstarf fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd starfrækt á höfuðborgarsvæðinu en nánar er fjallað um það síðar.

Flóttafólk

70,8 milljónir fólks voru á flótta.

80% þeirra búa í næstu nágrannaríkjum, oftast við afar bág kjör.

41,3 milljónir fólks eru á vergangi innan eigin landamæra.

0,35% fólks á flótta var boðin endurbúseta á vegum stjórnvalda í þriðja ríki.

Umsækjendur um alþjóðlega vernd Hlutfallslega fleiri umsækjendur um alþjóðlega vernd fá dvalarleyfi

Rauði krossinn hefur sinnt talsmannabjónustu, félagslegu hjálparstarfi og félagsstarfi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd frá ágúst 2014 samkvæmt samningi við **dóms-málaráðuneytið** en reynsla og starf með umsækjendum um alþjóðlega vernd nær þrjá áratugi aftur í tímann. Rauði krossinn og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna gerðu með sér samstarfssamning árið 2001 sem byggir á nánu samstarfi, samvinnu og virku upplýsingaflæði.

Heildarfjöldi umsókna um alþjóðlega vernd árið 2019 var **867** sem er rúmlega 8% aukning á milli ára. Hlutfallslega fengu fleiri alþjóðlega vernd á Íslandi en áður, en hærri hlutfall verndarveitinga skýrist aðallega af auknum fjölda umsókna frá ríkisborgurum Venesúela sem fjölgaði mikið á árinu.

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu


Rauði krossinn hefur talað fyrir stuttum og skilvirkum málsmeðferðartíma ef ekki er hvikað frá gæðum málsmeðferðar. Samkvæmt upplýsingum frá Útlendingastofnun stýttist afgreiðslutími umsókna um alþjóðlega vernd úr 156 dögum í **144** daga að meðaltali milli árunna 2018 og 2019 þegar litið er til allra afgreiddra mála.

Talsmenn Rauða krossins sem sinna réttaraðstoð eru lögræðingar með þekkingu á málum er lúta að alþjóðlegri vernd og flóttafólki. Í réttaraðstoð og talsmannþjónustu felst m.a. að veita **hlutlausar og óhlutdrægar upplýsingar** og leiðbeiningar til umsækjenda og fólk í þeim hugleiðingum, m.a. hvað felst í því að sækja um alþjóðlega vernd, hvernig sambærilegum málum hefur lyktað, hvernig málsmeðferð er háttað og þess háttar. Almennri upplýsingagjöf er auk þess sinnt í opnum viðtalstímum sem voru alls **137** á árinu 2019.

Öflugt félagsstarf

Á árinu var aðsókn í félagsstarf um sækjenda um alþjóðlega vernd sambærileg og árið á undan þrátt fyrir lítilsháttar fjölgun umsækjenda. Reynslan sýnir að þörfin fyrir félagslegan stuðning er mikil. Sjálfboðaliðar í verkefninu fá viðeigandi þjálfun til að takast á við þá áskorun að gera erfiða stöðu fólks bærilegri og veita þann félagslega stuðning sem um ræðir og felst í samskiptum við skjólstaðingana og láta sig stöðu þeirra í íslensku samfélagi varða. Tilgangurinn með **félagslegum stuðningi** er að létta fólk lífið í fjarlægum og ókunnugum landi og í sumum tilfellum að hjálpa því að takast á við afleiðingar áfalla og annað andlegt álag sem því kann að fylgja frá ferðalagi þeirra til Íslands. Eitt af grunnmarkmiðum verkefnisins er að búa til **jákvæðan vettvang** fyrir samskipti, afþreyingu og virkni, nokkurs konar athvarf frá neikvæðum afleiðingum umsóknarferlisins. Aðgengi að almennings-samgöngum er forsenda fyrir því að halda úti félagsstarfi sem á að ná til sem flestra umsækjenda og má leiða líkur að því að aðsóknin í félagsstarfið hefði verið enn meiri ef aðgengi að almennings-samgöngum hefði verið almennara.

Fjöldi umsækjenda og málsmeðferðartími á milli ára



Fjöldi sjálfboðaliða sem sóttu um og tóku þátt

Mánuður	Fjöldi sjálfboðaliða (mætingar)	Fjöldi umsækjenda sem aðstoða	Fjöldi þátttakenda (mætingar)
Janúar	137	98	1.153
Febrúar	124	61	843
Mars	112	63	977
Apríl	120	79	874
Mai	101	91	609
Júní	102	55	798
Júlí	94	61	820
Ágúst	59	51	651
September	70	42	508
Október	69	65	933
Nóvember	67	23	664
Desember	40	18	560
Alls	1.095	707	9.390

Reynsla Rauða krossins af talsmannþjónustu og annarri aðstoð og þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd er **jákvæð** og telur félagið sig halda uppi afar öflugum og vönduðu starfi í þágu umsækjenda sem jafnframt stuðlar að vandvirkni, skilvirkni og bættari málsmeðferð hverrar umsóknar.

Fataúhlutun

Rauði krossinn afhendir umsækjendum um alþjóðlega vernd fatakort sem nýta má í verslunum Rauða krossins án endurgjalds samkvæmt samningi við dómsmálaráðuneytið. Alls fengu **960**

umsækjendur fataaðstoð á árinu 2019. Þá var **handgerðum lopafatnaði** sem sjálfboðaliðar Rauða krossins þjónuðu úthlutað í opnum viðtalstímum; einkum húfur, vettlingar, treflar og sokkar jafnt á börn sem fullorðna.

Alþjóðleg leitarþjónusta

Fólk getur orðið viðskila þegar það leggur á flóta frá heimalandi til öruggari staða, t.d. vegna átaka eða náttúruhamfara. Einstaklingar geta leitað til **leitarþjónustu** Rauða krossins ef þeir hafa misst samband við fjölskyldur sínar eða til að komast að því hvað varð um nána

Innanlandsstarf Samantekt úr starfinu

ættingja sem saknað er. Leitarþjónusta Rauða krossins á Íslandi fer fram í samvinnu við alþjóðlega leitarþjónustu Rauða krossins og Rauða hálfmánans. Á árinu 2019 sendi leitarþjónusta Rauða krossins út leitarbeiðnir vegna **nítján** einstaklinga. Fjórar leitarbeiðnir skiluðu árangri á árinu og helmingur beiðnanna enn í vinnslu. Mun fleiri spyrjast fyrir um þjónustuna og kanna möguleika á að nýta sér hana.

Sálrænn stuðningur og áfallahjálptil umsækjenda um alþjóðlega vernd

Á árinu mátti merkja aukna vanlíðan í hópi umsækjenda um alþjóðlega vernd. Mörg alvarleg mál komu upp og mikið rætt við einstaklinga í slæmu andlegu ástandi og brugðist við eftir atvikum. Fleiri en áður tjáðu alvarleg einkenni á við depurð og kvíða og fundu fyrir vonleysi og örvæntingu. Má það m.a. rekja til aukins fjölda einstaklinga sem koma frá stríðshráðum löndum, margir umsækjenda hafa verið lengi á flóttu auk þess sem margir hafa orðið fyrir alvarlegum **áföllum** á flóttaleiðinni. Mátti meðal annars merkja aukna vanlíðan í hópi umsækjenda með fjölda útkalla áfallateymis Rauða krossins á milli árunna 2017 og 2018 en útköll þrefölduðust á milli ára og voru alls 27 á árinu 2018 en fjölgar lítillaga á árinu 2019 samanborið við 2018.

Mannúðarlög

Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans vinnur ötulllega að því að minna yfirvöld, hermenn, uppreisnarmenn og aðra bardagamenn á Genfarsamningana, þ.e. þau lög sem gilda í stríði og þá sérstaklega á mikilvægi þess að vernda almenna borgara og bann við kynferðislegu ofbeldi. Þessari upplýsingavinnu um reglur mannúðarlaganna heldur Rauði krossinn úti með reglulegum hætti á öllum svæðum átaka um allan heim og þá sérstaklega í þeim tilgangi að stuðla að vernd almennra borgara á stríðstímum. Hluti af því fjármagni sem utanríkisráðuneytið hefur stutt Rauða krossinn með hefur farið í slík verkefni í Sírylandi.

Málþing um lög í stríði

Rauði krossinn og Alþjóða- og Evrópu-réttarstofnun Háskólans í Reykjavík, með stuðningi utanríkisráðuneytisins, stóðu að **málþingi** í Norræna húsinu um Genfarsamningana og lög í stríði. Umfjöllunarefni málþingsins var **lög í stríði** (*International humanitarian law, IHL*), með áherslu á vernd almennra borgara í átökum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áhrif vopnaðra átaka á heilbrigðisþjónustu. Einnig var fjallað um mannúðarrétt og íslenskt lagaumhverfi, og þá sérstaklega innleiðingu refsíákvæða mannúðarréttar í íslensk lög.


Erindi héldu **Page Wilson** dósent við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands, **Jonathan Somer** sérfræðingur í mannúðarrétti hjá danska Rauða krossinum, **Áslaug Arnoldsdóttir** hjúkrunarfræðingur og sendifulltrúi Rauða krossins sem starfað hefur við vernd á áttaksvæðum, **Pórdís Ingadóttir** dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík en **Sturla Sigurjónsson** ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu lokaði málþinginu.

Landsnefnd um mannúðarrétt

Rauði krossinn á Íslandi á fulltrúa í landsnefnd um mannúðarrétt sem hefur verið starfrækt frá árinu 2008, en nefndina skipa einnig fulltrúar ráðuneyta. Hlutverk nefndarinnar er að breiða út þekkingu á **alþjóðlegum mannúðarlögum**, vera vettvangur umræðna um alþjóðleg mannúðarlög og veita stjórnvöldum ráðgjöf varðandi túlkun og framkvæmd laganna.

Landsnefnd um mannúðarrétt vann að **fjórum heitum** sem voru undirrituð af fulltrúum íslenskra stjórnvalda og Rauða krossinum í Genf á ríkjaráðstefnu Rauða krossins sem haldin er á fjögurra ára fresti en hana sækja fulltrúar 192 landsfélaga Rauða krossins, aðildarríki Genfarsamningana auk fulltrúa frá Alþjóðasambandi Rauða krossins og Rauða hálfmánans og Alþjóðaráðs Rauða krossins. Heitin sem undirrituð voru miða að **aðgerðum gegn kynferðislegu ofbeldi á áttaksvæðum**, aukinni **virðingu fyrir alþjóðlegum mannúðarlögum**, **samstarfi og viðbragðsgetu á Norðurslóðum og aðgerðum vegna mansals**.

Fjöldi útkalla áfallateymis 2017-2019 vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd



Innanlandsstarf Myndasyrpa frá starfinu




Rauði krossinn tók þátt í loftslagsverkfalli ungmenna í september. Loftslagsbreytingar eru ein helsta ástæða þess að fólk leggur á flóttu.



Skyndihjálparmaður ársins var útnefndur Guðni Ásgeirsson en hann bjargaði manni sem hafði fengið hjartaáfall á hlaupastíg.



Rauði krossinn sinni ýmsum verkefnum með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun. Heimsóknarvinir, hundavinir og símavinir voru á sínum stað með um 600 notendur og um 300 sjálfbodaliða í bæði einstaklings- og hópheimsóknum.



Á aðalfundi Rauða krossins 2018 var ákveðið að stofna sárafatæktarsjóð tímabundið til að koma til móts við bráðan fjárhagsvanda með úthlutun neyðarstyrkja.



Timaritíð Endurnytt líf kom út í fyrsta sinn á árinu. Takmarkað upplag af bolum og töskum voru til sölu í útgáfuhöfnu.




Þær Regína, Sigrún Dania, Emillía Ósk, Brynja Dís og Herdís héldu tombólu á Akureyri og færðu Rauða krossinum afkraksturinn.

Innanlandsstarf **Myndasýrpa frá starfinu**



Viðbragðshópar Rauða krossins voru eflir mikið á árinu og æfingar haldnar meðal annars á Vesturlandi auk neyðarvarnarmálþings.



Meðlimir Karla í skúrum smíðuðu trékassa fyrir Rauða krossinn, en hann verður notaður til þess að flytja erlenda mynt sem safnast og ekki er hægt að koma í verð hérlendis.



Fjölmenningsveisla var haldin í Mosfellsbæ þar sem m.a. voru réttir frá Sírlandi, Kúrdistan, Lítháen og Úganda á boðstólnum auk íslenskra pönnukakna.

Sögusíðan

Frásagnir sjálfboðaliða Rauða krossins



María og Kári - Leiðsögumenn flóttafólks

„Við þældum mikið í því hvað við gætum gert. Hvernig við getum hjálpað þeim sem

þurfa að flýja landið sitt. Þegar við sáum auglýsingu frá Rauða Krossinum hugsuðum við að þetta er fullkomið. Þótt okkur finnst við kannski ekki hafa mikið til þess að bjóða þá kunnum við ýmislegt um íslenskt samfélag. Svo sem að stofna bankareikning, versla í Bónus, hvernig leikskólakerfið virkar, fá netið heim og svo framvegis. Þetta er í raun ekki flókið. Við erum bara til staðar og oft held ég að það sé stærsta hjálpin, bara að vita af okkur og við getum hjálpað ef þarf. Þetta hefur svo verið frábær reynsla fyrir okkur og við ekki lært minna en þau, ekki síst börnin okkar. Það eru mikil forréttindi að fá að kynnst

fólki með aðra menningu og lífsreynslu. Samt fyndið hvað við erum eins. Umræður okkar eru eins og við hvaða vini sem er, hvað eigi nú að vera í kvöldmatinn, hvaða krem sé best að nota á útbrot barnanna, þessi frábæra úlpa sem ég fann á útsölu. Fyrir okkur hefur þetta verið frábær vinskapur og yndisleg reynsla.“



Tómas - Leiðsögumaður flóttafólks

„Það helsta sem ég hef lært um sjálfan mig er að ég sá hvað ég hef mikla þörf á að gera eitthvað sem hefur þýðingu og áhrif í mínu lífi. Einnig hef ég lært hvað það er lítið

sem maður þarf að gera til að hafa mikil áhrif á aðra manneskju. Til að byrja með fannst mér ég ekki vera að gera nógu mikið til að hjálpa fólga mínum eins og margir upplifa. En svo lærir maður að bara minnstu hlutir; tala við manneskjuna, sýna áhuga, hjálpa með hitt og þetta, getur gefið ótrúlega mikinn sálrænan stuðning. Það sem helst hefur komið mér á óvart er hvað flóttamenn koma úr margvíslegum aðstæðum og hafa mismunandi sögur að segja. Frá fjölmiðlum fær maður oft staðlaða ímynd af flóttamönnum en í gegnum þetta verkefni sér maður hvað það er mikið í gangi í heiminum sem maður veit ekkert um sem neyðir fólk til að flýja heimili

sitt og fjölskyldu. Það sem kom kannski skemmtilega á óvart er hvað það eru margir heimamenn sem hafa áhuga á þessum málefnum og vilja gera svo mikið til að hjálpa. Ég er ótrúlega þakklátur að hafa kynnst því fólki. Með því að vera leiðsögumaður flóttamanns hef ég eignast góðan vin og lært ótrúlega mikið frá honum. Þetta líka hvatti mig til að stofna klúbb í vinnunni minni sem hefur það markmið að auglýsa verkefni fyrir fólk sem hefur áhuga að gerast sjálfboðaliði fyrir góðgerðarsamtök.“



Alma - Heimsóknarvinur

„Að gerast sjálfboðaliði og heimsóknarvinur hjá Rauða krossinum er ein besta ákvörðun

sem ég hef tekið varðandi frítíma minn. Verkefnið opnar ekki aðeins augu manns fyrir mikilvægi sjálfboðinna verka í samfélaginu heldur upplifir maður raunverulegan virðisauka. Það fallega við heimsóknarvini er að allir njóta góðs af verkefninu. Það lífgar uppá tilveru gestgjafans og hjálpar til við að rjúfa félagslega einangrun. Það stoppar uppí gat á kerfinu sem við þurfum sífellt að vera á varðbergi gagnvart, en rannsóknir sýna að hópur þeirra sem finnur til djúpstæðs einmannaleika í samfélaginu fer vaxandi. Að gefa tíma sinn einu sinni í viku og veita

félagsskap á forsendu þess sem þiggur er frábær tilfinning og ókeypis þjálfun í núvitund! Öll eigum við misjafna daga, gestgjafar og heimsóknarvinir, en staðreyndin er sú að að heimsókn lokinni líður mér alltaf betur. Ég kveð gestgjafann og finn að lund hans er léttari og heimurinn brosir á einhvern hátt breiðar við manni en áður.“

Sögusíðan Frásagnir sjálfboðaliða Rauða krossins



Gerður - Konukot

„Ég sótti um sjálfboðaliðastarf hjá Rauða krossinum fyrir um tveimur árum og byrjaði að starfa í Konukoti stuttu síðar. Ég hef alltaf haft gaman af að umgangast alls konar fólk og hef haft mikla ánægju af samskiptum mínum við gesti Konukots, starfsfólk og aðra sjálfboðaliða. Starfið getur að vísu verið erfið á stundum en að sama skapi mjög gefandi. Við höfum flestar sömu

langanir og þrár í lífinu og oft háð tilviljunum hvernig spilast úr þeim spilum sem okkur eru gefin. Það er því góð tilfinning að geta gert þeim konum, sem til okkar sækja, lífið bærilegra um stund.“



Andri Valur - Félagsvinur eftir afplánun

Á þeim árum sem ég hef verið sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum hef ég fengið áhuga á málefnum sem ég gaf ekki mikinn gaum áður. Ég hef rætt við og kynnst fólki sem ég

annars myndi líklega ekki fá tækifæri til að kynnst. Ég held það sé öllum hollt að stíga út úr sínu daglega lífi og tengjast fólki úr ólíkum aðstæðum. Maður lærir það fljótt að það er meira sem sameinar okkur en skilur okkur að. Óvænt ánægja sem fylgir starfinu er hvað ég fæ sjálfur mikið út úr því. Upphaflega hugsunin var að verja hluta af tíma mínum í að vera öðrum til stuðnings. Það er vissulega enn aðal-markmiðið en mér finnst þetta líka bara svo gefandi. Það er skemmtilegt að kynnst nýju fólki og fjölbreyttum hópi fólks sem opnar augu manns fyrir nýjum hlutum, bæði skjólstæðingum og öðrum sjálfboðaliðum. Sjálfboðastarfið er svo fjölbreytt. Maður veit aldrei hvað maður lærir næst en

sjálfboðastarfið hefur kennt mér margt. Sérstaklega um þá hópa sem oft verða undir í samfélaginu. Ég hef bæði verið sjálfboðaliði í Frú Ragnheiði og nú í Félagsvinum eftir afplánun. Þar hef ég kynnst mörgu áhugaverðu fólki og lært margt sem ég ekki vissi, eða gerði mér grein fyrir áður, um fólk sem notar vímuefni í æð, um heimilislaust fólk, um þá sem eru að afplána eða hafa lokið afplánun og aðra sem oft hallar á í samfélaginu. Ég held það væri gott fyrir alla að leggja sig fram um að vera upplýstari um stöðu og líf þeirra sem kannski passa ekki í formið. Ég hef metnað í að vera málsvari þessa fólks og leggja mitt af mörkum til að aðstoða þau.



Sæborg - Studd í spuna

Innan Studd í Spuna hef ég haft þau forréttindi að fylgjast með ungu fólki koma út úr skeljunum sínum og blómstra, á sama tíma og ég sinni einu af mínum helstu áhugamálum, sem að miklu leiti gaf mér sömu gjöf þegar ég var yngri. Starfið hefur einnig dýpkað mína hæfni og getu að skapa öruggt umhverfi þegar ég stjórna hlutverkaspilum, svo allt fólk við borðið geti

prófað sig áfram og leyft sér að vera berskjaldað. Það hefur verið mikil blessun, því fyrir mitt leiti þá liggur gleðin og töfrarnir í augnablikunum þar sem við uppgötum falda kima innra með okkur, deilum þeim og fáum jákvæð viðbrögð.

Alþjóðlegt hjálparstarf

Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2019


Rauði krossinn á Íslandi er hluti af alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem telur 192 landsfélög og samanlagt bera 17 milljónir sjálfbóðaliða starfið uppi á vettvangi. Rauði krossinn á Íslandi veitir annars vegar **mannúðar- aðstoð** til þolenda vopnaðra átaka og náttúruhamfara og hins vegar **þróunar- aðstoð** vegna fátæktar og ójafnaðar í fátækustu ríkjum heims. Þróunaraðstoð er einnig veitt á stríðshriðum svæðum og hamfarasvæðum þegar aðstoðin snýr að uppbyggingu innviða til lengri tíma en er ekki tímabundin lausn við bráðri neyð.

Rauði krossinn á Íslandi leggur sérstaka áherslu á að mæta þörfum berskjaldaðra **kvenna og stúlkna** og berst fyrir auknu jafnrétti kynjanna og gegn hvers kyns kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi í sínum verkefnum.


Sérstaða Rauða krossins og Rauða hálfmánans er að sjálfbóðaliðar og starfsfólk er gjarnan **heimafólk** sem veitir jafnan fyrstu aðstoð í kjölfar áfalla, hamfara og átaka. Heimafólkið var á svæðinu áður en þörf var á utanaðkomandi aðstoð og verða þar áfram. Allt starf félagsins byggir á **valdeflingu** heimamanna. Þannig er stuðlað að skilvirkni og sjálfbærni verkefna á sviði þróunarsamvinnu og mannúðar- aðstoðar í heiminum. Í samvinnu við alþjóðahreyfingu Rauða krossins og Rauða hálfmánans getur Rauði krossinn á Íslandi veitt aðstoð á svæðum þar sem fá eða engin önnur alþjóðleg hjálparstærðir hafa aðgengi.

Hvort sem um ræðir mannúðaraðstoð eða þróunarsamvinnu er það ávallt forsenda alþjóðastarfs Rauða krossins að stuðningur sem er veittur taki mið af mismunandi og fjölbreyttum þörfum fólks á vettvangi. Þess vegna er lögð höfuðáhersla á **samstarf og samvinnu** við heimafólkið á öllum sviðum verkefna, þannig að fólk sem verkefnum er ætlað að þjónusta eigi fulla aðild að mótun, framkvæmd og eftirliti verkefna.

Framlög í ísl.kr. til alþjóðlegs hjálparstarfs árin 1999-2019



Framlög frá utanríkisráðuneytinu til Rauða krossins



Aukinn viðbragðsflýttir

Á árinu 2018 var gerður **rammasamningur** við utanríkisráðuneytið sem ætlað var að bæta skilvirkni og árangur í mannúðarstarfi Rauða krossins, meðal annars með því að gera fjármögnun mannúðaraðstoðar félagsins fyrirsjáanlegri og auðveldu skipulagningu hennar til lengri tíma.

Frá þeim tíma hefur viðbragðsflýttir Rauða krossins aukist til mikilla muna í þeim verkefnum sem stjórnvöld hafa lagt félaginu lið. Markmið með samningnum var að meðaldagafjöldi frá því að neyðarbeiðni bærist Rauða krossinum þar til ákvörðun er tekin yrðu **10 dagar** en fyrir var meðaldagafjöldi 20 dagar. Raunin varð hins vegar sú að ákvörðun var tekin um viðbrögð að meðaltali eftir um **5 virka daga** frá því að neyðarbeiðni barst. Mestu munar um að með rammasamningi þarf Rauði krossinn ekki lengur að sækja um staka styrki til mannúðaraðstoðar heldur fær fyrirfram-

greidda upphæð sem hægt er að ráðstafa þegar neyð brestur á. Samningurinn er í anda **skilvirkrar** og áhrifaríkrar mannúðar- aðstoðar og hefur þegar sannað gildi sitt í störfum Rauða krossins.

Áherslusvæði og verkefni

Rauði krossinn leggur áherslu á **valdeflingu kvenna og stúlkna** í alþjóðlegu hjálparstarfi sínu. Þá eru verkefnið að koma flóttafólki og þolendum náttúruhamfara og vopnaðra átaka til aðstoðar, styðja við **staðbundna getu** og aukið viðnámsþol heima í héraði. Áherslusvæði Rauða krossins á Íslandi eru Afríka sunnan Sahara og Miðausturlönd.

Miðausturlönd

Eitt af stærri verkefnum ársins var mannúðaraðstoð til þolenda vopnaðra átaka í Sírylandi. Sérstök áhersla var lögð á flóttafólk innan landamæra **Sýrlands** með því að koma lífsbjargandi heilbrigðisaðstoð til þeirra, styrkja innviði og berjast gegn

Alþjóðaverkefni Áherslur í alþjóðlegu hjálparstarfi á árinu 2018

kynferðislegu ofbeldi þar í landi. Lögð var sérstök áhersla á aðstoð við flóttafólk í norðurhéruðum landsins. Sex íslenskir sendifulltrúar störfuðu við neyðarsjúkrahús Alþjóðaráðs Rauða krossins og norska Rauða krossins í Al Hol búðunum á árinu, en stór hluti flóttafólks í búðunum eru konur og börn.

Aðstoð við sýrlenskt flóttafólk í **Líbanon** og **Jórdaníu** var einnig fyrirferðarmikil sem og mannúðaraðgerðir til að bregðast við versnandi ástandi í **Palestínu** og í **Jemen**.

Asía

Í Bangladess var unnið að því að veita flóttafólki frá Myanmar sálrænan stuðning.

Afríka

Í Afríku fór meginþungi aðgerða í að sporna við útbreiðslu ebólu í **Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó**.

Í **Malaví** var áfram unnið að því að bæta heilsu og auka aðgengi um 150.000 manns að vatni í þremur héruðum landsins og auka aðgengi barna að menntun. Rauði krossinn studdi miklar neyðaraðgerðir og uppbyggingu í kjölfar flóða sem voru ein afleiðing fellibyljarins Idai, meðal annars í **Mósambík**. Talsverður skaði varð á mörgum verkefnasvæðum Rauða krossins í Malaví. Uppbygging neyðarviðbragða Rauða krossins í Malaví á verkefnasvæðunum undanfarin fjögur ár varð til þess að íbúar svæðisins fengu viðvörn áður en flóðin skulu á og fjölda mannlífa var bjargað.

Í **Úganda** var unnið að auknu heilbrigði og líðan flóttamanna frá Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó og Suður Súdan sem eiga það sameiginlegt að hafa þurft að flýja heimalönd sín vegna vopnaðra átaka. Úganda hefur tekið á móti hvað flestu flóttafólki í heiminum undanfarin ár og hefur þurft til þess utanaðkomandi stuðning. Einnig studdi Rauði krossinn við forvarnar- og viðbragðsaðgerðir til að draga úr útbreiðslu ebólu frá nágrennaríkinu Kongó yfir til Úganda.

Í **Sómalíu** hélt Rauði krossinn úti færanlegri heilsugæslu sem sinnir hirðingja-samfélögum í Hargeisa héraði en þar var sérstök áhersla lögð á mæðravernd og heilbrigði barna.

Í **Sierra Leóne** var unnið að uppbyggingu samfélaga í átta héruðum eftir ebólufaraldur sem gekk yfir landið á árunum 2014-2016. Lögð var áhersla á að auka hreinlætis- og heilbrigðisvitund, auka aðgengi að hreinu drykkjarvatni og salernisaðstöðu og endurvekja traust almennings til fagfólks og opinberrar þjónustu á sviði hreinlætis- og heilbrigðismála en það hafði glatast nokkuð eftir að faraldurinn gekk yfir.

Þá vinnur Rauði krossinn á Íslandi að metnaðarfullu verkefni í samstarfi við Alþjóðasamband Rauða krossins sem hefur það markmið að stórefla starf ellefu landsfélaga hreyfingarinnar í Afríku með því að bæta tæknilega innviði þeirra og efla notkun upplýsinga- og samskiptatækni í hjálparstarfi. Þannig geta landsfélögin stórukið skilvirkni og umfang verkefna sinna á sama tíma og þau búa yfir aukinni færni til að viðhalda á sjálfbæran hátt innviðum og þekkingu í upplýsinga- og samskiptatækni. Rauði krossinn vinnur þetta mikilvæga uppbyggingarverkefni í góðu samstarfi við **Íslandsbanka**, **Þekkingu, Sýn** og **Í Reiknistofu bankanna**, en fyrirtækin lána Rauða krossinum sérfræðinga á sviði upplýsinga-

og samskiptatækni. Frá árinu 2016 hafa þrjú sérfræðingar farið til **Tansaníu**, **Búrúndí**, **Sambíu**, **Úganda**, **Liberíu**, **Malaví**, **Senegal**, **Mósambík** og **Gambíu** til að aðstoða landsfélögin við úttektir, skipulag og uppbyggingu tæknilegra innviða.


Evrópa

Á árinu lauk formlega verkefni Rauða krossins í **Hvíta Rússlandi** sem hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif fyrir fólk með geðfötlun í höfuðborginni Minsk.

Þá lauk stuðningi við ungmennaverkefni Rauða krossins í **Grænlandi** á árinu, en því var komið á fót árið 2017. Mikil og góð samvinna hefur verið á milli Rauða krossins á Grænlandi og á Íslandi.

Rauði krossinn studdi við flóttafólk í **Svartfjallalandi** sem leitað hafði tímabundins skjóls þar í landi. Í **Armeníu** og **Georgíu** var unnið að bættum neyðarvörnum og eflingu sálræns stuðnings. Þá hefur Rauði krossinn á Íslandi stutt dyggilega við **fræðasetur Rauða krossins í sálrænum stuðningi (IFRC Psychosocial Reference Centre)** og aukið samstarfið á undanföllum árum, meðal annars með því að lána sérfræðing til setursins.

Fjöldi verkefna




- Stuðningur við staðbundna getu landsfélaga **12%**
- Valdefling kvenna og stúlkna **6%**
- Fólk á flóttu **24%**
- Náttúruhamfarir og vopnuð átök **24%**
- Aukið viðnámsþol og heilbrigði **35%**

Alþjóðaverkefni

Alþjóðleg verkefni Rauða krossins á Íslandi og verkefni sendifulltrúa

Alls voru 23 sendifulltrúar við störf í 30 starfsferðum í 17 löndum í 4 heimsálfum. Sjó fóru í sína fyrstu starfsferð á vegum Rauða krossins.



Tegund námskeiða	Fjöldi þátttakenda
IMPACT sendifulltrúanámskeið	4
ERU IT Tech námskeið (Emergency Responce Unit)	1
Neyðarnámskeið á vegum NETHOPE	1
Námskeið í skurðlækningum á átakasvæðum (War Surgical Seminar) ICRC	1
Námskeið í sálrænum stuðningi á neyðartímum (Psychosocial Support in Emergency)	1
Þjálfun í vernd, kynjajafnrétti og samfélagslegri þátttöku, (Traning on Protection, Gender and Inclusion)	2
Þjálfun í samfélagslegri nálgun og notendasamráði (Community Engagement and Accountability)	2

Alþjóðaverkefni **Myndasýrpa frá starfinu**



Rauði krossinn fór í þrjár neyðarsafnanir á árinu, m.a. vegna stríðs í Sýrlandi.



Á myndunum má sjá sendifulltrúa Rauða krossins á Íslandi að störfum. Ívar Schram fór til Bahamas eftir að fellibylur olli þar mikilli eyðileggingu. Þá hélt Rauði krossinn áfram að brúa hið stafræna bil hjá landsfélögum í Afríku.



Rauði krossinn hefur starfrækt heilsugæslu á hjólum í Hargeisa héraði í Sómalíu í mörg ár. Áhersla er lögð á ungbarna- og mæðravernd.



Rauði krossinn hélt starfi sínu í Malaví áfram á árinu.



Sendifulltrúarinnir Lilja og Jón Eggert við tjaldsjúkrahús í Al Hol búðunum í Sýrlandi.

Fjármál

Tekjur og framlög 2019

Heildartekjur Rauða krossins á árinu 2019 námu 2.718 milljónum króna og lækkuðu um 70 milljónir milli ára.

Mestur samdráttur milli ára var í tekjum af söfnunarkössum sem námu 427 m.kr. og lækkuðu um 16% á milli ára. Samningsbundin verkefni fyrir ríki og sveitarfélög er stærsti tekjupátturinn eins og verið hefur, en lækkaði lítillega milli ára og nam 967 m.kr. Samningarnir ná yfir þjónustu við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd, alþjóðlegt hjálparstarf, sjúkrabíla og athvörf. Tekjur af sölustarfsemi námu 409 m.kr. og ýmis framlög frá almenningi og fyrirtækjum voru samtals 389 m.kr., þar af fengu deildir alls 29 m.kr. í félagsgjöld.

Ráðstöfun félagsins til verkefna nam alls 2.530 m.kr. og dróst saman um 84 m.kr. milli ára. Hlutdeild verkefna innanlands var 45% af heildinni og sem fyrr er þjónusta við flóttafólk og umsækjendur um

alþjóðlega vernd stærstu verkefnin, alls 424 m.kr. Meðal annarra stórra verkefna innanlands er rekstur athvarfa sem nam 116 m.kr. og félagslegur stuðningur við fjölbreytta hópa á landsvísi sem nam 146 m.kr.

Heildarframlög í alþjóðlegt hjálparstarf og alþjóðasamstarf voru 455 m.kr., þar af voru framlög frá utanríkisráðuneytinu í formi rammasamnings og annarra samninga alls 219 m.kr. Stærstu framlög ársins voru 85 m.kr. vegna neyðar- og þróunarverkefna í Malaví, 49 m.kr. til ýmissa verkefna í Úganda 49 m.kr. og 40 m.kr. framlög til Sýrlands. Deildir lögðu 10 m.kr. til alþjóðlegs hjálparstarfs.

Hagnaður Fatasöfnunar var 39 m.kr. samanborið við 74 m.kr. árið áður. Útflutningur fatnaðar var 2.800 tonn og úthlutanir til skjólstæðinga í formi fatakorta námu 43 m.kr.


Tekjur af sjúkraflutningum námu alls um 600 m.kr., þar af var framlag ríkisins 233 m.kr.

Alls voru stöðugildi hjá félaginu 109 á árinu og að jafnaði voru 2 sendifulltrúar að störfum erlendis.


Tekjur og framlög

Tekjur og framlög alþjóðlegs hjálparstarfs endurspeglar þá miklu neyð, fátækt og ójöfnuð sem veröldin stóð frammi fyrir á árinu. Framlög Rauða krossins á árinu til alþjóðlegs hjálparstarfs námu tæpum 456 milljónum króna sem er um 12% lækkun á milli ára. Helsti bakhjarl Rauða krossins á Íslandi er utanríkisráðuneytið en á árinu 2019 námu framlög ráðuneytisins alls kr. 232.916.218. Mannvinnir Rauða krossins koma því næst en því fleiri sem þeir eru því fyrr getur Rauði krossinn brugðist við brýnni neyð og bjargað þar með lífum þeirra sem lenda í hamförum.

Þróun tekna síðustu 5 ár




Alþjóðaverkefni



Útgjöld eftir verkefnum



Verkefni innanlands



Fjármál

Lykiltölur úr rekstrinum

Tekjur í milljónum króna	2019	2018	2017	2016	2015	2014
Söfnunarkassar	427	510	586	560	497	497
Frjáls framlög	389	416	333	357	309	322
Samningar við stjórnvöld	967	971	763	731	374	348
Sjúkraflutningar	361	345	320	323	265	223
Sölustarfsemi	409	429	426	390	340	320
Aðrar tekjur	167	117	128	75	88	219
Samtals	2.719	2.788	2.556	2.436	1.873	1.929

Framlög til verkefna í milljónum króna	2019	2018	2017	2016	2015	2014
Alþjóðahjálparstarf	371	441	404	414	255	304
Alþjóðasamstarf	84	72	60	60	67	52
Innanlandsstarf	1.127	1.234	960	803	598	603
Sjúkraflutningar	465	425	409	378	399	337
Hjálparsíminn 1717	34	46	28	32	32	30
Athvörf Rauða krossins	116	115	114	95	91	78

Skipting útgjalda eftir verkefnum í milljónum króna	2019	%
Innanlandsstarf	1.127	45%
Alþjóðlegt hjálparstarf	372	15%
Alþjóðasamstarf	83	3%
Sjúkraflutningar	465	18%
Fjáröflun og kynning	303	12%
Önnur starfsemi	180	7%
Samtals	2.530	100%

Sundurliðun innanlands	2019	%
Deildarstarf	220,71	20%
Skýndihjálp og neyðarvarnir	79,33	7%
Athvörf Rauða krossins	117,62	10%
Hjálparsíminn	34,00	3%
Flóttamenn og hælisleitendur	424,00	38%
Einstaklingsaðstoð	36,00	3%
Félagslegur stuðningur	145,53	13%
Önnur innanlandsverkefni	69,56	6%
Samtals	1.234	100%

Alþjóðlegt hjálparstarf	2019	%
Neyðaraðstoð	226	61%
Þróunarsamvinna	95	26%
Sendifulltrúar	50	13%
Samtals	442	100%



Rauði krossinn

Rauði krossinn á Íslandi • Efstaleiti 9 • 103 Reykjavík • Sími 570 4000
central@redcross.is • www.raudikrossinn.is